

Nd.

491. Breytingartillögur

[130. mál]

við frv. til l. um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Frá Gunnlaugi Finnssyni, Pálma Jónssyni, Lárusi Jónssyni
og Karvel Pálmasyni.

1. Við 9. gr.
 - a. Í stað orðanna „of erfið“ í 1. málsg. 1. töluliðar komi orðið: ofraun.
 - b. d-liður í 1. tölulið falli niður.
2. Við 10. gr. Í stað 1. og 2. málsg. komi:

Fóstureyðing skal framkvæmd eins fljótt og auðið er og aldrei eftir 12. viku meðgöngutímans, nema fyrir hendi séu ótvíðræðar læknisfræðilegar ástæður og lífi og heilsu konunnar stefnt í því meiri hættu með lengri meðgöngu og fæðingu. Einnig skal fóstureyðing leyfileg eftir 12 vikur séu miklar líkur á vansköpun, erfðagöllum eða sköddun fósturs.
3. Við 26. gr. bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Þau skulu og hafa eftirlit með, að ákvæðum II. og III. kafla sé stranglega fylgt, og gera dómstólum viðvart ef grunur leikur á að út af sé brugðið.